



Reykjavíkurborg



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB), kt. 590182-1099, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 (Rkv.borg) og Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ), kt. 580607-0710, hér eftir nefndir samstarfsaðilar gera með sér svofelldan

Samstarfssamning

um starfrækslu stafrænnar smiðju, Fab Lab Reykjavík,
í húsnæði Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Austurbergi 5

1. grein

Markmið samnings

Markmið samningsins er að skilgreina samstarf og hlutverk samstarfsaðila varðandi rekstur stafrænnar smiðju undir heitinu Fab Lab Reykjavík.

2. grein

Markmið verkefnisins

Markmið með starfsemi Fab Lab Reykjavík er að auka þekkingu skólafólks og almennings á persónumiðaðri framleiðslu og stafrænum framleiðsluaðferðum. Verkefninu er ætlað að auka áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, auka almennt tæknilæsi og tæknivitund og efla hæfni til nýsköpunar í námi og atvinnulífi. Markmið verkefnisins er enn fremur að skapa vettvang fyrir nýsköpun og að efla samkeppnishæfni fyrirtækja, mennta- stofnana og nemenda.

3. grein

Hlutverk samstarfsaðila, kostnaðarskipting og rekstur Fab Lab smiðju

a) Hlutverk samstarfsaðila

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Breiðholti:

- FB ber ábyrgð á starfsemi Fab Lab Reykjavíkur og hefur umsjón með daglegum rekstri smiðjunnar, greiðir reikninga og innheimtir gjöld.
- Verkefnisstjóri Fab Lab Reykjavíkur er starfsmaður FB. Hann skipuleggur og stýrir starfsemi smiðjunnar í umboði skólameistara.
- FB leggur til fullbúið húsnæði fyrir starfsemi Fab Lab Reykjavíkur og greiðir fyrir rekstur húsnæðis, en það felur í sér húsaleigu, net- og samskiptakostnað, vatn og hita, sorphirðu, rafmagn, þríf og öryggismál.
- FB hefur umsjón með viðhaldi véla og tækja.
- FB mun bjóða upp á einingarbært nám í Fab Lab Reykjavíkur. Kennarar sem koma að kennslu í áföngum FB við Fab Lab Reykjavík gera það á kostnað og ábyrgð FB.

Hlutverk Reykjavíkurborgar:

- Aðstaða og tækjabúnaður Fab Lab Reykjavíkur er nýtt af almenningi í opnum tímum. Einnig geta kennarar í grunnskólum borgarinnar nýtt aðstöðuna til kennslu námshópa og til endurmenntunar eftir nánara samkomulagi við verkefnisstjóra Fab Lab Reykjavíkur.
- Rkv.borg tekur þátt í að reka smiðjuna með því að greiða laun eins starfsmanns Fab Lab Reykjavíkur, sem er á launaskrá borgarinnar. Framlagið nemur 7.500.000 kr. á ári í þrjú ár, fyrir árin 2018-2020.
- Rkv.borg greiðir í upphafi samningstímans viðbótar stofnframlag vegna tækjakaupa og sértæks búnaðar, að upphæð kr. 3.000.000, enda eru þau tæki og búnaður eign borgarinnar að samningstíma liðnum.

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (NMÍ):

- Fab Lab Reykjavík er hluti samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi. Fab Lab Reykjavík tengist jafnframt alþjóðaneti Fab Lab smiðja, Fab Foundation sem NMÍ er aðili að. NMÍ er tengiliður Íslands í Fab Foundation og fer með öll samskipti við Massachusetts Institute of Technology (MIT) og Fab Foundation f.h. landsins.
- Sérfræðingar NMÍ sjá um endurmenntun og faglega þróun starfsmanna Fab Lab Reykjavíkur, þjálfun grunn- og framhaldsskólakennara til að nýta Fab Lab tæknina í kennslu, leiðsögn fyrir þátttakendur í Fab Academy, svo og gerð námsefnis og námskrár fyrir kennslu í Fab Lab.
- NMÍ styður við faglega þróun Fab Lab Reykjavíkur með því að greiða aðkomu sérfræðings eða sérfræðinga að rekstrinum. Framlagið nemur 7.500.000 kr. á ári í þrjú ár, fyrir árin 2018-2020.

b) Kostnaðarskipting vegna verkefna

- Kostnaður sem upp kann að koma, greiðist af samningsaðilum í samræmi við þá verkaskiptingu sem samningurinn felur í sér.
- Stefnt er að því að fá styrktaraðila að tækjakaupum. Samningsaðilar ákveða hverju sinni um viðbótarframlag til tækjakaupa.
- Kostnaður vegna námskeiða, þróunarverkefna o.þ.h. innan Fab Lab Reykjavíkur verður fjármagnaður sérstaklega út frá þeirri forsendu að slík verkefni hafi sjálfstæðan fjárhag og standi undir sér og verði einungis unnin með samþykki stjórnar.
- Fjárhagsleg ábyrgð á slíkum verkefnum verður á höndum þess aðila samningsins sem hefur verkefnisstjórn viðkomandi verkefnis með höndum. Ekki skal stofnað til kostnaðar sem fellur á Fab Lab Reykjavíkur vegna endurmenntunar, sérfræðiþjónustu, vinnustofa, námsáfangapróunar, kynningamála eða þ.h. án þess að samstarfsaðilar samþykki slíkan kostnað. Falli slíkur kostnaður til skiptist hann á samstarfsaðila eftir samkomulagi hverju sinni.

c) Rekstur Fab Lab Reykjavíkur

Eftirfarandi kostnaðarþættir falla undir starfsemi Fab Lab Reykjavíkur: laun, þjálfun og endurmenntun starfsmanna, kaffi- og starfsmannabjónusta; húsnæði, tæki og viðhald, efnisaðföng. Gróf kostnaðarskipting er sem hér segir: FB sér um verkefnisstjórn, rekstur húsnæðis og daglegt viðhald tækja, Rvk.borg og NMÍ greiða hvor um sig laun eins starfsmanns.

4. grein

Stjórn Fab Lab Reykjavíkur

Hver samningsaðili tilnefnir einn fulltrúa í stýrihóp Fab Lab Reykjavíkur. Samstarfsaðilar tilnefna fasta varamenn stjórnarfulltrúa og geta varamenn setið fundi. Stjórnin útfærir nákvæma fjárhagsáætlun um stofn- og rekstrarkostnað til samþykktar fyrir samningsaðila. Stjórn samþykkir starfsáætlun fyrir Fab Lab Reykjavíkur. Skólameistari FB skal vera formaður stjórnar.

5. gr.

Markmiðssetning, árangursmat og eftirlit með rekstri

Stjórn Fab Lab Reykjavíkur skilgreinir markmið starfseminnar og gerir grein fyrir mælikvörðum árangurs, sjá „Um Fab Lab Reykjavík, drög að stefnu“, sem er að finna í viðhengi nr. 1 við samning þennan. Verkefnisstjóri Fab Lab Reykjavíkur gerir tillögur til stjórnar um starfsáætlun, verkefni og framkvæmd, og fylgir eftir ákvörðunum stjórnar. Stjórn samþykkir ýtarlega fjárhags- og rekstraráætlun fyrir upphaf hvers starfsárs. Niðurstöður reksturs og árangursmats skulu birtar í árlegri skýrslu stjórnar til samningsaðila um starfsemi Fab Lab Reykjavíkur.

Á grundvelli þessa samnings er hægt að semja við fleiri aðila um þátttöku í starfrækslu smiðjunnar og hlutdeild í launa- og rekstrarkostnaði. Stjórn Fab Lab Reykjavíkur hefur frumkvæði að því að afla nýrra samstarfsaðila og annast samninga við þá.

6. grein

Samningstími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir í þrjú ár. Það er ásetningur samstarfsaðila að halda samstarfinu áfram til lengri tíma.

7. grein

Breytingar og uppsögn

Ekki er hægt að breyta þessum samningi nema með skriflegu samkomulagi samningsaðila. Ekki er heimilt að framselja þennan samning. Um þátttöku annarra aðila, ef til kemur, skal samið sérstaklega með vísan til þessa samnings sbr. 2. málsgrein 5. greinar.

Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining sem upp kann að koma vegna efnis þessa samnings. Takist þeim það ekki skal Héraðsdómur Reykjavíkur skera úr um ágreininginn.

Heimilt er að rifta samningi þessum ef talið er að um verulegar vanefndir sé að ræða. Ávallt skulu lögmæt sjónarmið vera skilyrði fyrir riftun samningsins.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili einu eintaki.

Reykjavík XX. janúar 2018,

F.h. Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

F.h. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri

F.h. Fjölbrautaskólans í Breiðholti

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði:

Nafn og kt.

Nafn og kt.

Viðhengi:

1. Um Fab Lab Reykjavík (drög að stefnu).